


Duo Landon

Hlíf Sigurjónsdóttir
Martin Frewer



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 9. apríl 2024 kl. 20:00

Efnisskrá

Jean-Marie Leclair *Sónata fyrir tvær fiðlur*
1697–1764 ópus 3 númer 6 í D dúr
Andante
Allegro
Largo
Allegro ma non troppo

Charles Auguste de Bériot *úr 3 Duos Concertants*
1802–1870 ópus 57 númer 1
Moderato

Páll H. Jónsson skráði *Þrjú þingeysk fiðlulög*
1908-1990 í útsetningu Martins Frewer
Sextúr
Vals
Skottís

Þorkell Sigurbjörnsson *Fiðlufrænkur*, útsetningar á íslenskum
1938-2013 þjóðlögum fyrir tvær fiðlur (2002)
Ísland farsældar Frón
Yfir kaldan eyðisand
Dýravísur
Sumri hallar
Kvölda tekur
Ólafur reið með björgum fram (Mig syfjar)
Krummi á skjánum
Björt mey og hrein
Ólafur reið með björgum fram

Martin Frewer *2 litlar myndir fyrir tvær fiðlur* (2015)
f. 1960 Don't awaken Winter
Waiting for Spring

Hildigunnur Rúnarsdóttir *Tíu myndir fyrir tvær fiðlur* (2007)
f. 1964 Allegro con spirito
Moderato tranquillo
Allegro ritmico
Allegretto
Andante
Molto ritmico sempre
Lento
Moderato e dolce
Allegro e ritmico
Allegro vivo

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Síðar sótti hún kennslustundir hjá Gerald Beal í New York. Hlíf hefur leikið á tónleikum beggja vegna Atlantshafs, ýmist sem einleikari eða með hljómsveitum. Geisladiskar hennar hafa fengið erlenda dóma á borð við „exceptional-sounding recordings“ og „Her music breathes and details are masterfully shaded“ (BACH: R. James Tobin – ClassicalNet) og „CD of the year 2015“ (DIALOGUS: M. Nockin – Fanfare Magazine).

Hlíf er annt um sögu klassískrar tónlistar á Íslandi og sá til dæmis um útgáfu geisladisks með fiðluleik Björns Ólafssonar úr fórum RÚV og hefur staðið fyrir tónleikum þar sem leiknar voru gamlar sögulegar upptökur, sem að hennar undirlagi voru yfirfærðar og hljóðhreinsaðar af þessu tilefni.

Martin Frewer hóf ungur að læra á píanó og fiðlu samhliða öðru námi. Hann nam við Oxford háskólann og útskrifaðist þaðan með gráðu í stærðfræði, en sótti samtímis fiðlutíma hjá Yfrah Neaman. Fiðlunáminu hélt hann áfram í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Martin hefur sótt tíma og tekið þátt í opnum kennslustundum hjá Igor Ozim, Martin Loveday, Eric Gruenberg, Almita og Roland Vamos, Peter Guth, Ake Lundeberg og Lin Yaoti.

Síðan 1983 hefur Martin búið hér á landi og unnið jöfnum höndum að hönnun tölvuhugbúnaðar og fiðluleik, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er mjög laginn útsetjari og er stofnandi og leiðtogi kammer-sveitarinnar Spiccato.

Duo Landon er kennt við hinn þekhta fransk-bandaríska fiðlu- og bogasmið Christophe Landon, en þau leika bæði á fiðlu frá honum. Eftir að geisladiskur Dúósins með *44 dúóum* Béla Bartóks hlaut frábærar viðtökur bæði hérlendis og erlendis var ákveðið að gefa út geisladisk með íslenskum verkum eingöngu, en aðeins fundust þrjár slíkar tónsmíðar hérlendis. Fékk því Dúóið þrjú íslensk tónskáld til að semja hvert sitt tónverk og gekk það eftir. Eru það *Tíu myndir fyrir tvær fiðlur* eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, *Furioso* eftir Jónas Tómasson og *Vorið er komið* eftir Atla Heimi Sveinsson. Geisladiskur sá, *ICELANDIC VIOLIN DUOS*, kom út 2012 og hlaut meðal annars 5 stjörnur hjá tónlistargagnrýnanda Morgunblaðsins og var kjörinn á CD Hotlist í júlí 2013.